Reykjavíkurborg

Reykjavík, 13. mars 2023
FAS23030030

# MINNISBLAÐ

**Viðtakandi**: Pawel Bartoszek – borgarfulltrúi Viðreisnar
**Sendandi**: Innkaupaskrifstofa

---

## *Minnisblað*

Borgarfulltrúi og nefndarmaður í Innkaupa- og framkvæmdaráði frá Viðreisn sendi þann 8. september 2022 eftirfarandi fyrirspurn á ritara og formann Innkaupa- og framkvæmdaráðs:

> *„Ég óska eftir því að umræða um kröfur um tungumálakunnáttu í útboðum borgarinnar verði tekin fyrir á dagskrá næsta fundar innkauparáðs.*
> *Jafnframt óska ég eftir yfirliti yfir þær kröfur sem tengjast tungumálakunnáttu sem gerðar hafa verið í útboðum á vegum borgarinnar undanfarin 3 ár. Það yfirlit þarf ekki að liggja fyrir á sama fundi. Ef verkefnið er stórt að umfangi er sjálfsagt að afmarka það með einhverju móti."*

Fyrirspurnin var áframsend á eftirfarandi svið:

- Mannauðs- og starfsumhverfissvið
- Skóla- og frístundasvið
- Þjónustu og nýsköpunarsvið
- Velferðarsvið
- Menningar og íþróttasvið
- Umhverfis- og skipulagssvið
- Fjármála- og áhættustýringarsvið

Þau svör sem hafa borist eru hjálögð, aðrar skrifstofur eða svið hafa ekki svarað.

Langflest útboð á vegum reykjavíkurborgar eru á íslensku og í stöðluðum útboðsgögnum kemur fram að tilboð skulu skilað inn á íslensku og/eða ensku. Útboðsgögn eru alltaf eingöngu útgefin á einu tungumáli, séu þau þýdd er það á ábyrgð hvers og eins bjóðanda og þá jafnframt á ábyrgð bjóðandans að þýðingin sé rétt.

Í gildi eru 21. miðlægir rammasamningar sem innkaupaskrifstofa hefur forræði yfir. Af þessum 21. eru sex með einhverskonar skilyrði um tungumálakunnáttu. Eftirfarandi samningar gera kröfu um tungumálakunnáttu:

- 14564 Rammasamningur - Hópbifreiðaþjónusta fyrir Reykjavíkurborg.
  - Bílstjórar í akstri með börnum skulu tala íslensku og hafa fullkomið vald á tungumálinu. Í öðrum akstri er gerð krafa um að bílstjórar geti haft samskipti um alla þá þætti sem tengjast verkefninu við fólk sem einungis talar íslensku.
- 15141 Ræsting í leikskólum reykjavikurborgar.
  - Verkstjóri verksins þarf að hafa gott vald á íslensku.
- 15435 Túlka- og þýðingarþjónusta.
  - Gerð krafa um haldgóða íslensku og/eða ensku og því tungumáli sem er til túlkunar.
- 15119 Sorphirða.

  - Í öllum bifreiðum verktaka sem að verkinu koma skal vera fjarskiptabúnaður sem náð getur sambandi við neyðarnúmerið 1-1-2. Ökumenn skulu í öllum tilfellum skilja og tala íslensku
- 14158 Öryggisgæsla.
  - Samskiptamál varðandi framkvæmd útboðsins, eftirfarandi samningsgerð o.s.frv. er íslenska Öryggisverðir skulu tala góða íslensku og eiga auðvelt með mannleg samskipti
- 15279 Tryggingar.
  - Samskiptamál varðandi framkvæmd útboðsins, eftirfarandi samningsgerð, samskipti á samningstíma o.s.frv. er íslenska

Þar sem um mjög mörg útboðsferli er að ræða og vitað að það gæti dregist að fá upplýsingar um öll útboðsferli. Við greiningu sem þessa þarf einfaldlega að lesa yfir öll útboðsgögnin til að staðfesta hvaða kröfur eru gerðar. Undirrituð fór yfir tíu útboðsgögn eða verðfyrirspurnargögn af handahófi árið 2022 til að átta sig á umfanginu. Af tíu gögnum þá voru tvö sem gerðu einhverskonar kröfu um tungumálakunnáttu. Þess ber þó að geta að öll gögnin voru á íslensku og í einhverjum tilfellum var skilyrði að námskeið væru haldin á íslensku eða öðru tungumáli og öryggismerkingar væru á íslensku en undirrituð leit ekki svo á að þar væri um að ræða kröfu um tungumálakunnáttu.

Eftirfarandi útboð frá 2022 valin af handahófi voru með kröfu um tungumálakunnáttu:

- Útboð nr. 15438 - Ýmsar fasteignir Reykjavíkurborgar. Reglubundið viðhald pípulagna - Hverfi 4 og 5, fyrir umhverfis og skipulagssvið.
  - Að minnsta kosti einn starfsmaður verktaka skal vera íslenskumælandi á meðan verkframkvæmdir standa yfir á hverjum verkstað
- EES útboði nr. 15623 ,,Vetrarþjónusta stofnanalóða í Reykjavík", fyrir umhverfis- og skipulagssviðs.
  - Yfirstjórn verksins á verkstað skal vera íslenskumælandi

Eftirfarandi útboð frá 2022 valin af handahófi voru ekki með kröfu um tungumálakunnáttu:

- Útboð janúar 15392 – Málun 2022 í hverfum 4 og 5 í fasteignum Reykjavíkurborgar, fyrir umhverfis- og skipulagssvið.
- Verðfyrirspurn mars 15428 – Austurbæjarskóli „gluggaviðgerðir", fyrir umhverfis og skipulagssvið.
- Verðfyrirspurn nr. 15500 ,,Endurgerð leiksvæða 2022 - Hönnun", fyrir umhverfis- og skipulagssviðs.
- EES útboð nr. 15445 ,,Almenningssalerni fyrir Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins í Bláfjöllum", fyrir Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins.
- EES útboði nr. 15653 ,,Miðborgarleikskóli og miðstöð barna. Uppbygging nýs leikskóla og lóðar", fyrir umhverfis og skipulagssvið.
- Útboð nr. 15502 ,,Leikskólinn Hálsaskógur-Borg, endurgerð lóðar 2022, 2.áfangi, fyrir umhverfis og skipulagssvið.
- Verðfyrirspurn nr. 15613 ,,Hagaskóli - Málun innanhúss", fyrir umhverfis- og skipulagssviðs.
- Útboði nr. 15643 ,,Úlfarsárdalur - stækkun hverfis. Yfirborðsfrágangur og stígagerð 2022. 5. áfangi", fyrir umhverfis- og skipulagssviðs.

Reykjavíkurborg

Vona að þessi yfirferð varpi a.m.k. smá ljósi á hversu algeng einhverskonar tungumálakunnátta er gerð í útboðsgögnum og þá hverskonar krafa það er.

Virðingarfyllst,
Margrét Lilja Gunnarsdóttir
*Fjármála- og áhættustýring*
*Innkaupaskrifstofa*

*Hjálagt:*

1. *Svar skrifstofu rekstur og umhirðu borgarlandsins. Umhverfis- og skipulagssvið.*
2. *Svar frá bókhaldsdeild. Fjármála- og áhættustýringarsvið.*
3. *Svar frá fjárstýringar- og innheimtuskrifstofu. Fjármála- og áhættustýringarsvið.*
4. *Svar frá skrifstofu áhættustýringar. Fjármála og áhættustýringarsvið.*
5. *Svar frá velferðartæknismiðju. Velferðarsvið.*
6. *Svar frá sviðsstjóra. Skóla- og frístundasvið.*
7. *Svar skrifstofu sviðsstjóra. Þjónustu- og nýsköpunarsvið.*

Reykjavíkurborg

## 1. Svar skrifstofu rekstur og umhirðu borgarlandsins. Umhverfis- og skipulagssvið.

**From:** Hjalti Jóhannes Guðmundsson <Hjalti.Johannes.Gudmundsson@reykjavik.is>
**Sent:** Monday, November 21, 2022 9:54 PM
**To:** Guðbjörg Matthíasdóttir <Gudbjorg.Matthiasdottir@reykjavik.is>; Ámundi V Brynjólfsson <Amundi.V.Brynjolfsson@reykjavik.is>
**Subject:** RE: Vegna fyrirspurnar um útboð með skilyrði um ísl.kunnáttu.

Hæ
Í eftirfarandi útboðum á vegum skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins var gerð krafa um íslenskukunnáttu:

- 15616-Vetrarþjónusta gönguleiða 2022-2025-Árbær
- 15617-Vetrarþjónusta gönguleiða 2022-2025-Breiðholt
- 15618-Vetrarþjónusta gönguleiða 2022-2025-Grafarvogur
- 15623-Vetrarþjónusta stofnanalóða 2022-2025
- 15656-Vetrarþjónusta stoppistöðva 2022-2023

mbk,Hjalti

**Hjalti Jóhannes Guðmundsson**
Skrifstofustjóri
Skrifstofa reksturs og umhirða borgarlandsins
Sími/Tel.: +354 693 2500 / 411 1111
hjalti.johannes.gudmundsson@reykjavik.is

Virðing fyrir umhverfinu
Fagmennska í hverju verki
Þjónusta við samfélagið

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is
www.reykjavik.is/trunadur

VOTTUN HF
IST ISO 14001

## 2. Svar frá bókhaldsdeild. Fjármála- og áhættustýringarsvið.

**From:** Jónas Skúlason <jonas.skulason@reykjavik.is>
**Sent:** mánudagur, 12. september 2022 13:12
**To:** Helga Benediktsdóttir <Helga.Benediktsdottir@reykjavik.is>; Halldóra Káradóttir <halldora.karadottir@reykjavik.is>; Erik Tryggvi Striz Bjarnason <Erik.Tryggvi.Striz.Bjarnason@reykjavik.is>; Hörður Hilmarsson <hordur.hilmarsson@reykjavik.is>; Jóhann Ólafur Kristinsson <Johann.Olafur.Kristinsson@reykjavik.is>; Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir <Johanna.Eirny.Hilmarsdottir@reykjavik.is>; Óli Jón Hertervig <oli.jon.hertervig@reykjavik.is>; Ólöf Marín Úlfarsdóttir <Olof.Marin.Ulfarsdottir@reykjavik.is>; Stefanía Scheving Thorsteinsson <Stefania.Scheving.Thorsteinsson@reykjavik.is>
**Cc:** Guðbjörg Matthíasdóttir <Gudbjorg.Matthiasdottir@reykjavik.is>
**Subject:** RE: Beiðni um upplýsingar um útboðsgögn.

Ekkert hér í bókhaldinu.

JS

Reykjavíkurborg

### 3. Svar frá fjárstýringar- og innheimtuskrifstofu. Fjármála- og áhættustýringarsvið.

**From:** Helga Benediktsdóttir <Helga.Benediktsdottir@reykjavik.is>
**Sent:** mánudagur, 12. september 2022 13:10
**To:** Halldóra Káradóttir <halldora.karadottir@reykjavik.is>; Erik Tryggvi Striz Bjarnason <Erik.Tryggvi.Striz.Bjarnason@reykjavik.is>; Hörður Hilmarsson <hordur.hilmarsson@reykjavik.is>; Jóhann Ólafur Kristinsson <Johann.Olafur.Kristinsson@reykjavik.is>; Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir <Johanna.Eirny.Hilmarsdottir@reykjavik.is>; Jónas Skúlason <jonas.skulason@reykjavik.is>; Óli Jón Hertervig <oli.jon.hertervig@reykjavik.is>; Ólöf Marín Úlfarsdóttir <Olof.Marin.Ulfarsdottir@reykjavik.is>; Stefanía Scheving Thorsteinsson <Stefania.Scheving.Thorsteinsson@reykjavik.is>
**Cc:** Guðbjörg Matthíasdóttir <Gudbjorg.Matthiasdottir@reykjavik.is>
**Subject:** RE: Beiðni um upplýsingar um útboðsgögn.

Sæl Guðbjörg

Ég hef farið í nokkur útboð á fjármálaþjónustu þar sem við gerum kröfu um að viðskiptin séu í íslenskum krónum og að bjóðandi sé með starfsstöð á Íslandi. Við höfum ekki gert beina kröfu um að einstaka starfsmenn talið íslensku.

Viltu frá frekari tilvísun í útboðsgögn?

Kveðja - Helga

### 4. Svar frá skrifstofu áhættustýringar. Fjármála og áhættustýringarsvið.

**From:** Stefanía Scheving Thorsteinsson <Stefania.Scheving.Thorsteinsson@reykjavik.is>
**Sent:** mánudagur, 12. september 2022 14:09
**To:** Halldóra Káradóttir <halldora.karadottir@reykjavik.is>; Erik Tryggvi Striz Bjarnason <Erik.Tryggvi.Striz.Bjarnason@reykjavik.is>; Helga Benediktsdóttir <Helga.Benediktsdottir@reykjavik.is>; Hörður Hilmarsson <hordur.hilmarsson@reykjavik.is>; Jóhann Ólafur Kristinsson <Johann.Olafur.Kristinsson@reykjavik.is>; Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir <Johanna.Eirny.Hilmarsdottir@reykjavik.is>; Jónas Skúlason <jonas.skulason@reykjavik.is>; Óli Jón Hertervig <oli.jon.hertervig@reykjavik.is>; Ólöf Marín Úlfarsdóttir <Olof.Marin.Ulfarsdottir@reykjavik.is>
**Cc:** Guðbjörg Matthíasdóttir <Gudbjorg.Matthiasdottir@reykjavik.is>
**Subject:** RE: Beiðni um upplýsingar um útboðsgögn.

Ekkert hjá Skrifstofu áhættustýringar.

Með kveðju,

**Stefanía Sch. Thorsteinsson**
Skrifstofustjóri áhættustýringar

### 5. Svar frá velferðartæknismiðju. Velferðarsvið.

**Frá:** Styrmir Erlingsson <Styrmir.Erlingsson@reykjavik.is>
**Sent:** mánudagur, 19. september 2022 08:50
**Til:** Dís Sigurgeirsdóttir <Dis.Sigurgeirsdottir@reykjavik.is>
**Afrit:** Magnús Bergur Magnússon <Magnus.Bergur.Magnusson@reykjavik.is>
**Efni:** RE: Beiðni um upplýsingar um útboðsgögn.

Sæl Dís,

Í raun hefur velferðatæknismiðja ekki farið í nein útboð enn sem komið er, bara verðfyrirspurnir og prófunarverkefni. Í nýlegri verðfyrirspurn um gerð útboðsgagna var ekki farið fram á að verkefnastjóri væri íslenskumælandi.

Í komandi útboðum munum við gera kröfu um að búnaður sé með íslensku þ.e. skjáir og lyfjaskammtarar fyrir notendur. Hvort krafa verði gerð um útibú á íslandi og tungumál tengiliðs/verkefnastjóra hefur ekki verið ákveðið.

Varðandi útboðsgögn sem ÞON er að vinna með velferðarsviði þá myndi ég hafa samband við Magnús (í CC).

**Styrmir Erlingsson**
**Framkvæmdastjóri**
S. 868 3859
**Velferðarsvið Reykjavíkurborgar**
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

**REYKJAVÍK**
fyrir okkur öll

## 6. *Svar frá sviðsstjóra. Skóla- og frístundasvið.*

**From:** Helgi Grímsson <Helgi.Grimsson@reykjavik.is>
**Sent:** mánudagur, 12. september 2022 13:37
**To:** Guðbjörg Matthíasdóttir <Gudbjorg.Matthiasdottir@reykjavik.is>
**Subject:** FS: Beiðni um upplýsingar um útboðsgögn.

Við erum með skilyrði af þessum toga í skólaakstri

Þetta kemur fram í rammasamingi 14564 Rammasamningur um hópbifreiðaþjónustu fyrir Reykjavíkurborg í kafla 2.5.

### 2.5 Sérstakar kröfur

**2.5.1 Stöðugleiki þjónustu o.fl.**

Verkkaupi gerir kröfur um að skólaaksturinn reynist börnunum traustur og áreiðanlegur, því er það m.a. áríðandi að einn og sami bílstjórinn sinni akstri á sömu akstursleið.
Velja skal stærð bíls sem hentar fjölda farþega í hverri ferð, því óheppilegt er og óöruggt að nota of stóran bíl fyrir fámennan hóp nemenda.
Í hluta 1 og 2 er gerð krafa um að bílstjórar í akstri með börn skulu tala íslensku og hafa fullkomið vald á tungumálinu. Í öðrum akstri er gerð krafa um að bílstjórar geti haft samskipti um alla þá þætti sem tengjast verkefninu við fólk sem einungis talar íslensku.

Með bestu kveðju,

Helgi Grímsson
Sviðsstjóri
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: http://www.reykjavik.is/trunadur
Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

## 7. *Svar skrifstofu sviðsstjóra. Þjónustu- og nýsköpunarsvið.*

**From:** Lena Mjöll Markusdóttir
**Sent:** Friday, November 11, 2022 11:20 AM
**To:** Guðbjörg Matthíasdóttir <Gudbjorg.Matthiasdottir@reykjavik.is>
**Cc:** Sæþór Fannberg Sæþórsson <Saethor.Fannberg.Saethorsson@reykjavik.is>
**Subject:** RE: Beiðni um upplýsingar um útboðsgögn.

Sæl Guðbjörg,

Meðfylgjandi er yfirlitið sem þú sendir útfyllt. Við bættum við dálkum um tungumálakröfur og skýringar aftast við hvert útboð.

Tvennt sem okkur langar að spyrja um í þessu sambandi.

- Nú erum við bara búin að yfirfara þennan lista sem þú sendir. Hvað eigum við að gera varðandi útboð hinna áranna sem verið er að spyrja um?
- Varðandi lokuð útboð skv. leið 1 innan gagnvirks innkaupakerfis 14704 eru ekki gerðar tungumálakröfur í sjálfu lokaða útboðinu. Hins vegar fara fram innkaup innan samningsins á grundvelli verkbeiðna og þar eru stundum gerðar tungumálakröfur. Eigum við að tiltaka allar verkbeiðnir líka eða er nóg að útskýra þetta svona?

Bestu kveðjur,

**Lena Mjöll Markusdóttir**
Lögfræðingur

Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar
sími: 693-2474

